# Kynning: Ársuppgjör Haga og uppgjör 4. ársfjórðungs 2023/24

**Sterkt rekstrarár með auknum tekjum og bættri afkomu**

Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

24. apríl 2024

# Yfirlit

**Fréttir af starfsemi**

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur

# *Árið í hnotskurn:* Lykiltölur

12M 2023/24 (breyting frá 12M 2022/23)

| | | |
|---|---|---|
| **173,3** ma.kr<br>**vörusala**<br>▲ 7,0% | **13,1** ma.kr.<br>**EBITDA***<br>▲ 8,5% | **5,0** ma.kr.<br>**Hagnaður***<br>▲ 1,9% |
| **20,8%**<br>framlegðarhlutfall<br>▲ 1,6%stig | **13,6%**<br>launa- og kostnaðarhlutfall<br>▲ 0,7%stig | **36,5%**<br>eiginfjárhlutfall<br>▼ 2,3%stig |

** Á öðrum og þriðja ársfjórðungi samanburðarárs 2022/23 voru áhrif einskiptistekna á EBITDA samstæðunnar að fjárhæð 1.417 m.kr. og 1.134 m.kr. á hagnað*

# *Fjórðungur í hnotskurn:* Lykiltölur

4F 2023/24 (breyting frá 4F 2022/23)

| | | |
|---|---|---|
| **42,8** ma.kr. | **2,8** ma.kr. | **1,2** ma.kr. |
| **vörusala** | **EBITDA** | **Hagnaður*** |
| ▲ 6,5% | ▲ 18,0% | ▲ 62,0% |
| **20,9%** | **14,6%** | **36,5%** |
| framlegðarhlutfall | launa- og kostnaðarhlutfall | eiginfjárhlutfall |
| ▲ 1,7%stig | ▲ 0,9%stig | ▼ 2,3%stig |

** Klasi ehf. er hlutdeildarfélaga Haga og hefur afkoma Klasa því áhrif á hagnað en ekki EBITDA*

# *Ytri áhrifaþættir:* Verðbólga niður en heimsmarkaðsverð olíu upp á 4F

**Vísitala neysluverðs,** *Ársbreyting, %*




- **Verðbólga lækkaði á tímabilinu og endaði í 6.6%** - hækkaði svo aftur lítillega eftir lok ársfjórðungs (mars 2024)

**Gengi gjaldmiðla,** *ISK*




- **Gengi íslensku krónunnar var nokkuð stöðugt** gagnvart helstu gjaldmiðlum á tímabilinu

**Verðþróun á ULSD (Diesel),** *USD / mt*




- **Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hækkaði nokkuð á tímabilinu,** og sem dæmi má sjá ULSD (Diesel) hér til hliðar

Gögn: Hagstofan (hagstofa.is), Seðlabankinn (sedlabanki.is), Gögn frá samstarfsaðilum

# Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 4F gekk vel** - áframhaldandi veltuaukning og afkomubati
- **Aukin umsvif í dagvöruverslunum**, í seldum stykkjum og heimsóknum viðskiptavina - **smávægilegur samdráttur í seldum eldsneytislítrum** á 4F vegna minni umsvifa útgerða
- **Hagnaður eykst,** m.a. vegna **aukinnar eftirspurnar**, **hagræðingar** í rekstri og **afkomu frá hlutdeildarfélaginu Klasa**
- **Framlegðarhlutfall hjá Olís hækkar á milli ára**, tengt lækkun heimsmarkaðsverðs olíu – **framlegðarhlutfall dagvöru er óbreytt** frá fyrra ári
- **Kjarasamningar undirritaðir** eftir lok fjórðungs með afturvirkni til 1. febrúar 2024 – **töluverð áhrif á launakostnað** í Högum, en fyrirsjáanleiki til næstu ára mikilvægur
- **Sérstök áherslu á innkaup á fjórðungnum** – samtöl við birgja til að vinna gegn verðhækkunum og treysta forsendur kjarasamninga
- **Framkvæmdastjórabreytingar í Bónus og Olís** þann 1. janúar þegar að Björgvin Víkingsson og Ingunn Svala Leifsdóttir tóku við
- **Skoðun á stefnu og framtíðarmöguleikum Olíudreifingar** – ákvörðun tekin eftir að 4F lauk að **hefja undirbúning á sölumeðferð**

BÓNUS
HAGKAUP
olís
AÐFÖNG
Bananar
STÓRKAUP
ELDUM RÉTT
ZARA






# *Verslanir og vöruhús:* Bætt afkoma vegna meiri umsvifa og áhrifa Klasa

Rekstrarreikningur 4F 2023/24 (m.kr.)

- **Tekjur** af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum **jukust um 12% á milli ára** og námu tæpum **32,2 ma. kr.**
- **EBITDA styrktist og var 2,65 ma. kr.** eða 8,2% af tekjum – **afkoma starfsþáttar styrkist hlutfallslega meira**, en þar gætir m.a. **áhrifa frá hlutdeildarfélaginu Klasa**
- **Seldum stykkjum í dagvöruverslunum fjölgar** um rúmlega 3% á milli ára, og **heimsóknum viðskiptavina fjölgar** mikið eða um rúmlega 10%
- **Starfsemi Eldum rétt gekk vel** á fjórðungnum með **töluverðri aukningu í seldu magni og sterkari afkomu**
- **Stórkaup** í vaxtarfasa og **umsvif að aukast**
- **Þótt heldur hafi dregið úr verðhækkunum** frá heildsölum og framleiðendum **er töluverður hækkunarþrýstingur enn til staðar**

| | 4F '23/24 | 4F '22/23 | Δ | %Δ |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 32.165 | 28.706 | 3.459 | +12,0% |
| Rekstrargjöld | -29.515 | -26.603 | -2.912 | +10,9% |
| **EBITDA** | **2.650** | **2.103** | **547** | **+26,0%** |
| *EBITDA-hlutfall* | *8,2%* | *7,3%* | *+0,9%* | +12,5% |
| **Afkoma starfsþáttar*** | **2.163** | **1.246** | **917** | **+73,6%** |
| *Afkomu-hlutfall* | *6,7%* | *4,3%* | *+2,4%* | +54,9% |

*Afkoma starfsþáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hlutdeildarfélaga

# *Hagkaup:* Jólaverslun gekk vel og afkoma styrkist mikið á milli ára

- **Vörusala á 4F nam 7,1 ma. kr.** og jókst um rúm 8% frá fyrra ári – **rekstur styrkist mikið á milli ára**
- **Jólaverslun gekk vel** og **seldist Hagkaups-hamborgarhryggurinn upp** fimmta árið í röð
- **Heimsóknum heldur áfram að fjölga** en **stykkjum fækkar lítillega** – mismunandi eftir flokkum, meðal annars vegna **breytinga á samsetningu vörukaupa**
- **Mikill fókus á afkomu félagsins**, bæði með **hagræðingu í rekstri** en einnig með **framsækni í verslunum**, t.d. hvað vöruval varðar, hilluröðun, uppsetningu verslana og fleira
- **Áframhaldandi framþróun á þjónustu** hjá Hagkaup - **Veisluréttir Hagkaups með uppfært og betrumbætt úrval**, sem skilað hefur talsverðri **aukningu í sölu**
- **Hagkaup fyrsta íslenska matvörukeðjan sem kolsýruvæðir allar verslanir** – einnig **unnið gegn orkusóun** með LED væðingu og lokun á frystum og kælum, **sem lækkar einnig rekstrarkostnað**
- **Tilboðsdagar og viðburðir áfram vel sóttir**, t.d. „Tax Free“, Heilsudagar, viðburðir tengdir fermingum, o.s.frv.

HAGKAUP















# *Bónus:* Áframhaldandi aukin umsvif með mikilli fjölgun viðskiptavina

- **Vörusala á 4F nam rúmlega 22 ma. kr.** og **jókst um rúm 14%** frá fyrra ári – afkoma styrkist töluvert á milli ára
- **Áframhaldandi aukin umsvif** – **viðskiptavinum fjölgar mikið** og **seldum stykkjum fjölgar töluvert** á milli ára
- **Jólaverslun Bónus gekk vel** og voru dagarnir fyrir hátíðirnar ansi stórir – **verslanir ráða vel við aukna aðsókn**, m.a. vegna **lengri opnunartíma** og **fleiri þjónustuleiða** (sjálfsafgreiðsla og „Gripið & Greitt“)
- Bónus **oftast með lægsta vöruverð** samkvæmt könnunum ASÍ – **hagkvæmasti kosturinn eftirsóknarverður** og kauphegðun að breytast
- **Gripið & Greitt hefur verið afar vel tekið** – í fimm verslunum í dag – 20 þúsund viðskiptavinir hafa sótt appið
- Verslun Bónus á Fitjum í Reykjanesbæ var haldið **opinni þrátt fyrir heitavatnsleysi** vegna hamfara í byrjun febrúar - “hamfaragámur” tekinn í notkun og verslun nú óháð raf- og vatnsveitu
- **Björgvin Víkingsson tók við sem framkvæmdastjóri** Bónus þann 1. janúar

BÓNUS












# *Olís:* Rekstur fjórðungs undir áætlun – sterkt rekstrarár í heild

## Rekstrarreikningur 4F 2023/24 (m.kr.)

- **Tekjur á 4F námu 11 ma. kr.** og drógust saman um 7% á milli ára – lækkað heimsmarkaðsverð olíu frá fyrra ári
- **Seldum lítrum fækkar** lítillega - smásölumarkaður svipaður á milli ára en lítillegur **samdráttur til stórnotenda, einkum vegna loðnubrests**
- **EBITDA nam 190 m.kr.** (1,7%) og dregst saman á milli ára
- **Afkoma á 4F undir væntingum** – skýrist m.a. af óhagfelldum hreyfingum á olíuverði og lakari sölu til stórnotenda – **árið í heild hins vegar eitt sterkasta rekstrarár í sögu Olís**
- **Viðskiptavinir ánægðir með þá þjónustu sem Olís veitir** – mikill vöxtur á milli ára hjá bæði **Grill 66 og Lemon**, og fjöldi **Dropp afhendinga** heldur áfram að aukast
- **Áframhaldandi innleiðing á rafhleðslustöðvum** í samstarfi við Ísorku – **stöðvum fjölgaði um átta** á árinu og mun halda áfram að **fjölga á þessu ári**
- **Samstarfssamningur undirritaður á milli Olís og Ferðaklúbbsins 4x4** – felur í sér sérstök kjör fyrir félagsmenn og stuðning við rekstur fjallaskála á hálendinu

| | 4F '23/24 | 4F '22/23 | Δ | %Δ |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 11.051 | 11.929 | -878 | -7,4% |
| Rekstrargjöld | -10.861 | -11.626 | 765 | -6,6% |
| **EBITDA** | **190** | **303** | **-113** | **-37,3%** |
| *EBITDA-hlutfall* | *1,7%* | *2,5%* | *-0,8%* | -32,3% |
| **Afkoma starfsþáttar*** | **-96** | **132** | **-228** | **-172,7%** |
| *Afkomu-hlutfall* | *-0,9%* | *1,1%* | *-2,0%* | -178,5% |

*Afkoma starfsþáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hlutdeildarfélaga






# *Klasi:* Verkefni Klasa ganga vel en enn eru yfir 300.000 fermetrar í þróun

- Verkefni á vegum fasteignaþróunarfélagsins Klasa **gengu vel á síðasta ári**
- Félagið hélt áfram **þróun á eftirsóknarverðum byggingarreitum**, undirbjó **eigin byggingarframkvæmdir**, og vann að **sölu á tilbúnum lóðum** til byggingaraðila
- Eins og merkja má af hlutdeild Haga í afkomu Klasa hafa **markmið Haga um að flýta fyrir verðmætasköpun á grunni þróunareigna samstæðunnar gengið eftir**
- **Þróunarverkefni Klasa fela í sér byggingarmagn upp á rúmlega 300.000 m2**, en meirihluti þeirra fermetra geta verið tilbúnir fyrir byggingaraðila **innan árs eða eru byggingarhæfir í dag**
- **Væntingar um** að Klasi hafi áfram **jákvæð áhrif á afkomu Haga á næstu árum**

**33,3% eignarhlutur Haga í hlutdeildarfélaginu Klasa ehf.,** *m.kr.*



# *Olíudreifing:* Undirbúningur á sölumeðferð eignarhluta Haga í gangi

- Hagar greindu frá því þann 1. desember að **Olís og Festi hefðu sameiginlega ráðið Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka** til ráðgjafar um **stefnu og framtíðarmöguleika hvað varðar eignarhluti** félaganna í **Olíudreifingu, EAK og EBK**
- **Félögin eru mikilvæg innviðafélög hvað varðar birgðahald og dreifingu á eldsneyti á Íslandi** - meginstarfsemi Olíudreifingar er birgðahald og dreifing á eldsneyti um land allt en meginstarfsemi EAK og EBK er birgðahald og dreifing á flugvélaeldsneyti á Keflavíkurflugvelli
- **Þessari stefnumarkandi vinnu er nú lokið** og hafa Olís og Festi komist að samkomulagi um að **hefja undirbúning sölumeðferðar á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu, EAK og EBK**
- Olís á **40% hlut í Olíudreifingu**, **33,33% hlut í EAK** og **25% hlut í EBK**
- **Bókfært virði** þessara hluta hjá Högum er um **1.295 m.kr.**
- **Nánar verður upplýst um framgang** málsins um leið og **tilefni er til**



# *Sjálfbærni:* Nýtt umhverfisuppgjör í ófjárhagslegri upplýsingagjöf

- **Stefnumótun og nýr rammi** fyrir Haga um málaflokk **sjálfbærni og ófjárhagslegrar upplýsingagjafar**
- Greining á **sjálfbærnitengdum áhrifum, áhættu og tækifærum** í starfsemi Haga í þeim tilgangi að ákvarða **hvaða sjálfbærnimálefni séu mikilvægust fyrir félagið**
- Megináherslur í sjálfbærnistefnu félagsins voru uppfærðar í takt við niðurstöður: **Umhverfi, Mannauður, Neytendur og Stjórnarhættir**
- Ný **markmið sett og aðgerðir að markmiðum skilgreindar**
- **Ítarlegri upplýsingagjöf um sjálfbærnimál í ársreikningi** en áður - sjálfbærniuppgjör félagsins **staðfest af óháðum aðila (e. limited assurance)**
- Kolefnisbókhald hefur verið útvíkkað töluvert – **nær nú utan um langstærstan hluta losunar** í virðiskeðju samstæðunnar
- Markverður **árangur hefur náðst í að draga úr losun** á undanförnum árum




**1,5%**
Lækkun á heildarlosun milli ára í umföngum 1, 2 og 3

**18%**
Lækkun á rafmagnsnotkun frá árinu 2019

**76,1%**
Endurnýtingarhlutfall á úrgangi samanborið við 54,8% árið 2019

# Yfirlit

Fréttir af starfsemi

**Fjárhagsuppgjör**

Staða og horfur

# Ágæt veltuaukning og afkomubati á 4F

## Rekstrarreikningur 4F 2023/24 (m.kr.)

- **Vörusala á 4F nam 42,8 ma. kr. og jókst** um 6,5% milli ára eða um 2,6 ma. kr.
- **Framlegð í krónum** talið nam 9,0 ma. kr. og **jókst um 15,7%** milli ára
- **Framlegðarhlutfall nam 20,9% og hækkaði** um 1,7%-stig sem **rekja má til starfsemi Olís** og sveiflna í heimsmarkaðsverði olíu - framlegðarhlutfall í dagvöru stendur í stað
- **Laun hækka** um 11,2% á 4F – **áhrif nýrra kjarasamninga koma fram**
- **EBITDA jókst um 18,0%** milli ára
- **Áhrif Klasa á hagnað** námu 418 m.kr. á 4F
- **Hagnaður** nam 1,2 ma. kr. og **jókst um 62,0%** frá fyrra ári

| | 4F '23/24 | 4F '22/23 | Δ | %Δ |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | *42.788* | *40.160* | *2.628* | *+6,5%* |
| **Framlegð** | **8.952** | **7.739** | **1.213** | **+15,7%** |
| Aðrar rekstrartekjur | *139* | *179* | *-40* | *-22,3%* |
| Laun og launatengd gjöld | *-4.322* | *-3.886* | *-436* | *+11,2%* |
| Annar rekstrarkostnaður | *-1.929* | *-1.626* | *-303* | *+18,6%* |
| **EBITDA** | **2.840** | **2.406** | **434** | **+18,0%** |
| Afskriftir | *-1.261* | *-1.248* | *-13* | *+1,0%* |
| Hrein fjármagnsgjöld | *-731* | *-503* | *-228* | *+45,3%* |
| **Hagnaður** | **1.191** | **735** | **456** | **+62,0%** |

# Sterkt rekstrarár að baki með auknum tekjum og afkomu

Rekstrarreikningur 12M 2023/24 (m.kr.)

- **Vörusala ársins** nam 173,3 ma. kr. og **jókst um 7,0%** milli ára
- **Söluaukning verslana og vöruhúsa** nam 15,1% en **samdráttur hjá Olís** nam 8,7%
- **Framlegðarhlutfall** var 20,8% og hækkaði um 1,6%-stig frá fyrra ári – **liggur í eldsneytishluta samstæðunnar** en í dagvöru hefur framlegðarhlutfall hækkað lítillega
- **Áhrif einskiptisliða** á fyrra ári 1,4 ma. kr. – fært meðal annarra rekstrartekna
- **EBITDA jókst** um 8,5% milli ára – **jókst um 23,0% án einskiptisliða** fyrra árs
- **Hagnaður** nam 5,0 ma. kr. og **jókst** um 1,9% milli ára – **jókst um 32,2% án einskiptisliða**

| | 12M '23/24 | 12M '22/23 | *Δ* | *%Δ* |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | *173.270* | *161.992* | *11.278* | *+7,0%* |
| **Framlegð** | **35.989** | **30.987** | **5.002** | **+16,1%** |
| Aðrar rekstrartekjur | *682* | *1.997* | *-1.315* | *-65,8%* |
| Laun og launatengd gjöld | *-16.229* | *-14.345* | *-1.884* | *+13,1%* |
| Annar rekstrarkostnaður | *-7.379* | *-6.598* | *-781* | *+11,8%* |
| **EBITDA** | **13.063** | **12.041** | **1.022** | **+8,5%** |
| Afskriftir | *-5.028* | *-4.453* | *-575* | *+12,9%* |
| Hrein fjármagnsgjöld | *-2.621* | *-1.887* | *-734* | *+38,9%* |
| **Hagnaður** | **5.044** | **4.949** | **95** | **+1,9%** |

# Góð veltuaukning einkennir síðustu ár

## Lykilmælikvarðar rekstrar (12M 2019/20 – 12M 2023/24)

- **Góð veltuaukning milli ára** – drifin áfram af auknum umsvifum í rekstri og áhrifum verðbólgu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** milli ára – áhrif af sterkari rekstri hjá Olís og vegna áhrifa af **heimsmarkaðsverði á olíu**
- **Launa- og kostnaðarhlutföll** hækka í samanburði við síðasta ár – m.a. vegna **áhrifa mikilla launa- og kostnaðarhækkana** undanfarin misseri
- **EBITDA hlutfall** 7,5% á árinu í samanburði við 7,4% í fyrra (6,6% án einskiptisliða) og **hagnaðarhlutfall** 2,9% í samanburði við 3,1% í fyrra (2,4% án einskiptisliða)



# Handbært fé frá rekstri nam 8,7 ma. kr. á rekstrarárinu

## Sjóðstreymisyfirlit 12M 2023/24 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam 8,7 ma. kr. á árinu og lækkaði í samanburði við fyrra ár um 448 m.kr.
- **Fjárfestingarhreyfingar** námu 4,8 ma. kr. á árinu
- **Fjárfest í fasteign** við Norðlingabraut, auk opnun **þriggja nýrra Bónusverslana**, nýrri **þjónustustöð Olís** að Fitjum, **sjálfbærnitengdum verkefnum, stafrænni þróun og upplýsingatækni**
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 4,9 ma. kr. – þar af **endurkaup** 2,3 ma. kr. og **arðgreiðsla** 2,5 ma. kr.
- **Handbært fé lækkaði** um 1,0 ma. kr. á árinu og nam 1,8 ma. kr. í lok árs

| | 12M 2023/24 | 12M 2022/23 | *Breyting* |
|---|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 5.044 | 4.949 | 95 |
| Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi | 7.897 | 6.103 | 1.794 |
| **Veltufé frá rekstri** | **12.941** | **11.052** | **1.889** |
| Rekstrartengdar eignir | -648 | -1.796 | 1.148 |
| Rekstrartengdar skuldir | 25 | 2.253 | -2.228 |
| Greiddir vextir og skattar | -3.628 | -2.371 | -1.257 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **8.690** | **9.138** | **-448** |
| Fjárfestingarhreyfingar | -4.825 | -3.962 | -863 |
| Fjármögnunarhreyfingar | -4.907 | -3.090 | -1.817 |
| **Breyting á handbæru fé** | **-1.042** | **2.086** | **-3.128** |
| **Handbært fé í lok árs** | **1.827** | **2.869** | **-1.042** |

# Leigueignir og leiguskuldir hækka á árinu

## Efnahagsreikningur 29. febrúar 2024 (m.kr.)

- **Fastafjármunir hækkuðu** um 5,6 ma. kr. milli ára – einkum vegna fjárfestinga í fasteignum, rekstrarfjármunum og hækkun leigueigna
- **Veltufjármunir lækkuðu** um 376 m.kr. á árinu vegna lækkunar handbærs fjár
- **Birgðir hækkuðu** um 351 m.kr. vegna áhrifa verðbólgu og fjölgunar verslana - **veltuhraði birgða** 10,6 í samanburði við 11,2 í fyrra
- **Heildarskuldir námu 49,0 ma. kr.** og hækkuðu um 5,0 ma. kr. – hækkun leiguskulda og vaxtaberandi lána
- **Eigið fé** nam 28,2 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 22,1 m.kr. í árslok

| | 29. 2. 2024 | 28. 2. 2023 | %Δ |
|---|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 22.410 | 21.236 | *+6%* |
| Óefnislegar eignir | 12.835 | 12.430 | *+3%* |
| Aðrir fastafjármunir | 20.840 | 16.836 | *+24%* |
| Fastafjármunir | 56.085 | 50.502 | *+11%* |
| Vörubirgðir | 13.068 | 12.717 | *+3%* |
| Viðskiptakröfur | 6.234 | 5.919 | *+5%* |
| Handbært fé | 1.827 | 2.869 | *-36%* |
| Veltufjármunir | 21.129 | 21.505 | *-2%* |
| **Samtals eignir** | **77.214** | **72.007** | ***+7%*** |
| **Skuldir og eigið fé** | **77.214** | **72.007** | ***+7%*** |

| | 29. 2. 2024 | 28. 2. 2023 | %Δ |
|---|---|---|---|
| Vaxtaberandi | 11.286 | 11.829 | *-5%* |
| Leiguskuldir | 9.660 | 7.056 | *+37%* |
| Tekjuskattur | 2.193 | 2.216 | *-1%* |
| Langtímaskuldir | 23.139 | 21.101 | *+10%* |
| Vaxtaberandi | 5.818 | 3.325 | *+75%* |
| Leiguskuldir | 2.579 | 2.012 | *+28%* |
| Viðskiptaskuldir | 17.490 | 17.638 | *-1%* |
| Skammtímaskuldir | 25.887 | 22.975 | *+13%* |
| **Samtals skuldir** | **49.026** | **44.076** | ***+11%*** |
| **Eigið fé** | **28.188** | **27.931** | ***+1%*** |

# Arðsemi eigin fjár hátt í sögulegu samhengi

## Lykilmælikvarðar efnahags (12M 2019/20 – 12M 2023/24)

- **Arðsemi eigin fjár 18,1%** síðastliðna 12 mánuði
- **Eiginfjárhlutfall** í lok árs nam 36,5% - **markmið stjórnar** um 35,0% hlutfall
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok árs, að meðtöldum leiguskuldum, voru 27,5 ma. kr. eða 2,1 x 12 mánaða EBITDA
- **Veltufjárhlutfall** í lok árs var 0,82 samanborið við 0,94 á fyrra ári
- **Veltuhraði í rekstri** var 14,4 dagar samanborið við 14,5 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 2,3 í árslok samanborið við 2,4 á fyrra ári




1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

# Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

**Staða og horfur**

# Gengi og stærstu hluthafar




**Stærstu hluthafar,** *eignarhlutur við lok 29.02.2024*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Gildi - lífeyrissjóður | 18,5% |
| 2. | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild | 11,2% |
| 3. | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 10,2% |
| 4. | Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga | 8,8% |
| 5. | Kaldbakur ehf. | 7,8% |
| 6. | Birta lífeyrissjóður | 7,7% |
| 7. | Festa - lífeyrissjóður | 4,5% |
| 8. | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 3,0% |
| 9. | Stapi lífeyrissjóður | 2,8% |
| 10. | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild | 2,1% |

Heimild: NASDAQ OMX (18. apríl 2024)

# Hagnaður á hlut styrkist áfram

## Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut eykst áfram -** uppsafnaður hagnaður nú **4,59 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði, sem er 128% aukning frá 3F 2020/21
- **Bætt afkoma** Haga síðustu misseri byggir á almennri **hagræðingu í rekstri**, **stefnumarkandi ákvörðunum** sem reynst hafa vel, **nýjum einingum** og **auknum umsvifum** hjá helstu rekstrareiningum
- **Áframhaldandi fókus á verkefni** sem hafa **áhrif á rekstur til skemmri tíma**, en einnig á stærri **verkefni og mögulegar nýjar tekjustoðir til viðbótar við núverandi kjarnastarfsemi**




* Áhrif vegna viðskipta með Klasa

# Staða og horfur

- **Rekstur hefur gengið vel** síðustu mánuði og **horfur eru góðar**
  - **Rekstrareiningar standa vel** – aukin eftirspurn og ágæt afkoma
  - **Hagkvæmasta matvörukarfan** hefur sjaldan haft meira aðdráttarafl
  - **Nýjar stoðir í rekstri og tengd félög,** t.d. Eldum rétt og Klasi, hafa **jákvæð áhrif á afkomu**
  - **Betra jafnvægi** (vonandi) að nást á **verð aðfanga** til verslana
  - Aukinn **fyrirsjáanleiki** í rekstri með **nýjum kjarasamningum** og horfum á **betra jafnvægi í efnahagsmálum** hérlendis
- Hefðbundnir **óvissuþættir** munu hafa áhrif á rekstur og afkomu, t.d. **heimsmarkaðsverð** á olíu, **gengi gjaldmiðla**, **verðbólga**, **vaxtastig** og **kjarasamningar**
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2024/25 gerir ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu **13.800 - 14.300 m.kr.**
- **Fjárfestingaráætlun ársins 2024/25 nemur 4.500 - 4.800 m.kr.**, sem er lækkun frá fyrra ári
- **Staða samstæðunnar er sterk** og félagið vel í stakk búið til að takast á við þær aðstæður sem upp geta komið í íslensku efnahagslífi















# Fyrirtæki í samstæðu Haga

hagar

BÓNUS

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.

HAGKAUP

Hagkaup er leiðandi smásölufyrirtæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.

olís

Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur, vörur til útivistar og ferðalaga ásamt fjölþættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.

ELDUM RÉTT

Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.

AÐFÖNG

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.

Bananar

Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendri grænmetis- og berjarækt.

STÓRKAUP

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.

ZARA

Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Hagar reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.

## HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU

KLASI

Olíudreifing

LEMON

## VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU

ób

GRILL 66

VÍNFÖNG

FERSKAR KJÖTVÖRUR

HIMNESKT

ÍSLANDS NAUT

ÍSLANDS LAMB

# Fyrirvari

*Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.*

*Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.*

*Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.*

hagar